

Athugasemdir :

71

Eignir landsbankans voru 30. júní p. á.

	Kr.	Kr.
1. Skuldabrjef fyrir lánum :		
a. Fasteignarveðsskuldabrjef	639747,09	
b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabrjef	30388,14	
c. Handveðsskuldabrjef	11170,00	
d. Skuldabrjef bæja og sveitarfjelaga	<u>11471,00</u>	
		692776,23
2. Önnur skuldabrjef :		
a. konungleg ríkisskuldabrjef	101200,00	
b. skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar	<u>1300,00</u>	
		102500,00
3. Víxlar		12124,17
4. Ávísanir		855,74
5. Húseignir útlagðar bankanum fyrir lánum að upphæð		1200,00
6. Í sjóði 30. júní		<u>33653,69</u>
	Samtals	<u>843109,83</u>
Bankinn hefir fengið í seðlum frá landssjóði til 30. júní incl.		425000,00
Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1887		26109,72
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. júní p. á.		27667,05
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs	24723,12	
Að frádregnum ýmsum kostnaði frá 1. janúar til 30. júní p. á.	<u>3654,07</u>	
		21069,05
Skuld til Landmandsbankans		35,91
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 30. júní		340507,42
1888		2720,68
Fje er lagt hefir verið inn á hlaupareikning		<u>2720,68</u>
	Samtals	<u>843109,83</u>

Bankinn hefir fengið í seðlum frá landssjóði til 30.

júni incl.

Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1887

Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 30. júní p. á.

Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs

Að frádregnum ýmsum kostnaði frá 1. janúar til 30.

júni p. á.

Skuld til Landmandsbankans

Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 30. júní

1888

Fje er lagt hefir verið inn á hlaupareikning

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. júlí 1888.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

Amtsráðsfundaskýrslur.

72

Aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu 29. júní—2. júlí 1888.

Ár 1888, hinn 29. júnímánaðar, átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru: Amtmaðurinn í Suðuramtinu og amtsráðsmennirnir Skúli prófastur Gíslason á Breiðabólstað og Ísleifur prestur Gíslason í Arnarbæli.

Þessi málefni komu þar til umræðu :

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1887. Reikningurinn var yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.

- 72
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramntinu fyrir árið 1887; var hann yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
 3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1887; hann var einnig yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
 4. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga :
 - a. Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1887. Við hann fannst ekkert athugavert.
 - b. Reikning fyrir Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1887.

Við þennan reikning athugar amtsráðið það eitt, í sambandi við athugasemd sína f. á við reikningana fyrir sömu sýslu fyrir árin 1885 og 1886, að oddviti hefur ekki heimild til, að reikna sjer dagpeninga fyrir setu á sýslufundum, höldnum á heimili hans, og væntir því amtsráðið, að hann láti ekki bregðast, að færa sýslusjóðnum til inntektar í reikningnum fyrir yfirstandandi ár: kr. 6 +6+2=14kr.
 - c. Reikning fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1887.

Við þennan reikning fannst ekkert athugavert.
 - d. Reikning fyrir Vestmannaeyjasýslu fyrir árið 1887.

Við þann reikning fannst ekki heldur neitt athugavert.
 - e. Reikning fyrir Árnessýslu fyrir árið 1886.

Við þann reikning fannst það athugavert, að eptirstöðvar frá f. á. eru taldar 306 kr. 95 a., en eiga að vera 366 kr. 43 a., samkvæmt viðurkenndum athugasemdum amtmannsins. Sömuleiðis álitur amtsráðið, að oddviti hafi enga heimild til, að reikna sjer ferðakostnaðarpeninga fyrir ferðir á undirboðsþing, og eigi hann því, að endurborga sýsluvegasjóðnum þær 13 kr., sem taldar eru undir tölul. 18 gjaldamegin í sýsluvegareikningnum.
 - f. Reikning fyrir sömu sýslu fyrir árið 1887 :

Við þennan reikning er athugavert : Samkvæmt viðurkenndum athugasendum endurskoðara sýslureikninganna, eiga tekjurnar í sýsluvegareikningnum að aukast um 65 kr. 52 a , sem dragast frá skuld þessa sjóðs til sýslusjóðsins. Ritfangalaun til hreppstjóra eru samkvæmt fylgiskjölunum vantalin um 2 kr. Um kvittanir, sem fylgja reikningunum, athugast, að þær eru langt frá því, að vera í tilhlýðilegu lagi, þar sem bæði eru sumstaðar tvær kvittanir fyrir sömu upphæð, dagsettar sín á hvorum tíma, sem mun hafa orsakast af því, að fyrri kvittunin hefur glatast um stund, svo verið útvegud ný kvittun, og síðan báðar sendar með reikningnum, en upphæðirnar þó að eins einu sinni taldar í reikningnum, og svo er á ýmsum kvittunum ýmislegt óviðkomandi skrifað hinu megin á kvittunarblöðin, og væntir amtsráðið, að þetta komi ekki optar fyrir.
 - g. Reikning fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1886.

Við þennan reikning finnst ekki annað athugavert, en að gjöld til vegagjörða og brúa eru í reikningnum talin 1487 kr. 84 a., en virðist eptir fylgiskjölunum eiga að vera 1428 — 71—.

Reikningur fyrir 1887 er ókominn.
 - h. Reikningur fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1886.

Við þennan reikning fannst þetta athugavert: Útgjöld til vegabóta eru hjer

talinn 378 kr. 75 a., í stað þess að þau eptir sýsluvegareikningnum eiga að vera 571 kr. 25 a., en aptur á móti er útistandandi sýsluvegagjald hjá hreppunum í sýslusjóðsreikningunum 1650 kr. 62¹/₂ a., í stað þess, að eptir vegareikningnum á það að vera 1433 kr. 29¹/₂ a.

Útistandandi sýslusjóðsgjald, að upphæð 80 kr. 59 a., sem sumt er margra ára gamalt, ber að innkalla og færa til inntektar í næsta reikningi.

Einnig ber reikningshaldara tafarlaust að innheimta vegagjald það, sem úti-standandi er hjá hreppunum, og sem eptir vegareikningnum fyrir 1886 var að upphæð 1433 kr. 29¹/₂ e., að svo miklu leyti, sem það ekki þegar kann að hafa verið innheimt.

Reikningshaldari er beðinn að gæta þess framvegis, að kvittanirnar sjeu ekki skrifaðar með blýanti. Yfir höfuð áminnist reikningshaldari um, að vegareikningarnir verði framvegis glöggari, en þessi reikningur er, þannig að þeir beri með sjer dagsverkatölu á því, sem unnið hefur verið, og hve há daglaun hafa verið greidd, og að lýsing á hinum unnu vegabótum fylgi frá úttektar-mönnum.

Eptir atvikum samþykkir amtsráðið, að þær 45 kr., sem í sýslusjóðsreikningnum undir I. A. er gjört ráð fyrir að endurborgast skuli sýslusjóði, megi færast til útgjalda í næsta reikningi (sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaganna).

Reikningurinn fyrir þetta ár, 1886, er dagsettur fyrst 23. janúar 1888, og þó að amtsráðið játi, að kringumstæðurnar hafi verið hjer nokkuð til afsökunar, áminnir það reikningshaldara um að láta ekki slíkan drátt koma optar fyrir. Í sambandi við þetta má geta þess, að reikningurinn fyrir 1887 er enn ó-kominn.

5. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina af fundarbókum sýslunefndanna:
 - a. Í Austur-Skaptafellssýslu: fundargjörðir 25. maí 1887 og 12. okt. 1887, og 7. og 8. maí 1888.
 - b. Í Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 22. júní og 26. sept. 1887, og 30. apríl og 1. maí 1888.
 - c. Í Rangárvallasýslu, fundargjörðir 12. okt. 1887 og 7. maí 1888.
 - d. Í Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 6 septbr. 1887, 28. febr. og 24. apríl 1888.
 - e. Í Árnessýslu, fundargjörðir 23.—26. apríl 1888.
 - f. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 21. okt. 1887, og 23. og 24. maí 1888, og
 - g. Í Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 6. sept. 1887 og 7. maí 1888.

Við engar af fundargjörðum þessum fannst neitt að athuga.
6. Samkvæmt brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinn, dags. 31. jan.
 - p. á. leggur amtsráðið til, að þessum búnaðarfjelögum verið veittur styrkur:

a. til búnaðarfjelds suðuramtsins	1500 kr.
b. — jarðabótarfjelds Kjósarhrepps	100 —
c. — jarðræktarfjelds Mosfells- og Kjalarneshreppa	100 —
d. — jarðræktar- og búnaðarfjel Seltjarnarnesshrepps	100 —
e. — búnaðarfjelds Grímsnesshrepps	100 —
	flyt 1900 kr.

72

flutt 1900 kr.

f. til kynbótaffjelds Gnúpverjahrepps	80 —
g. — jarðabótaffjelds Biskupstungnahrepps . .	100 —
h. — búnaðarfjelds Merkurþæja í Rangárvallasýslu	50 —
i. — búnaðarfjelds Hvolhrepps	80 —
j. — framfarafjelds Hornfirðinga og Lónsmanna	150 —
k. — búnaðarfjelds Borgarhafnarhrepps . . .	100 —
l. — búnaðarfjelds Örfæinga	80 —
m. — framfarafjelds Dyrhólahrepps	50 —
	<u> = 2590 kr.</u>

Af fundargjörðunum fyrir Borgarfjarðarsýslu 7. maí p. á., sjest, að lagðar hafa verið fyrir sýslunefndina þar bænarskrár frá búnaðarfjeldgum í öllum hreppum sýslunnar; en þar eð þessar bænarskrár eru ekki enn komnar til amtsráðsins, getur það ekki tekið tillit til þeirra í tillögum sínum. Að þar til gefnu tilefni vill amtsráðið taka fram, að æskilegt sje, að reikningar yfir árlegar tekjur og gjöld búnaðarsjóðanna sjeu sem greinilegastir, og meðal annars beri með sjer, hvort sjóðir fjelaganna sjeu settir á vöxtu og gegn hvaða tryggingu.

Út af því, að amtsráðinu hafa borizt bænarskrár frá Guðmundi Ólafssyni í Nesi í Selvogshreppi, Þorsteini Ásbjarnarsyni á Bjarnastöðum í sama hreppi og Gissuri Bjarnasyni á Litlahrauni, öllum í Árnessýslu, um styrk af því fje, sem hjer ræðir um, til þess að koma upp varnargarði fyrir sjáfarágangi og sandfoki á ábýlisjörðum þeirra, vill amtsráðið geta þess, að með því að bænarskrár þessar eru frá einstökum mönnum, en ekki búnaðarfjeldgum, geta þær ekki orðið teknar til greina, samkvæmt ákvæðum fjárlaganna, enda var það skýrt tekið fram, í brjefi amtmannsins til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 2. febr. p. á., að einungis gæti verið að ræða um styrk til búnaðarfjelaga af því fje, sem í þessu skyni er veitt í fjárlögum.

7. Með brjefi sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu, dags. 21. maí p. á., var beðið um samþykki amtsráðsins á frumvarpi til breytingar og viðauka við reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu um notkun afrjetta o. fl., og fól amtsráðið forseta sínum, að samþykkja þetta frumvarp, ef ekkert væri í því lögum mótstríðandi.
8. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, dags. 27. júní f. á., þar sem hann, eptir áskorun amtsráðsins skýrir frá, að sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu hafi úrskurðað, að Einar Einarsson á Rofabæ hefði ekki getað verið sýslunefndarmaður fyrir Leiðvallahrepp, eptir að hann var fluttur burt þaðan búferlum vorið 1885, og staðfestir amtsráðið þann úrskurð sýslunefndarinnar (sbr. amtsráðsgjörðir 29. júní 1886, tölul. 19).

(Framhald).

EMBÆTTISSKIPUN.

18. júlí veitti landshöfðingi aðstoðarpresti að Reynivöllum í Kjós, sjera Einari Friðgeirssyni Borgarprestakall í Mýraprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða, frá fardögum 1888.

Amtsráðsfundaskýrslur.

72

Aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu 29. júní—2. júlí 1888.

(Niðurlag).

9. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafði með brjefi dags. 20. febr. p. á. beðið amtsráðið að stuðla til þess, að vegurinn yfir Lónsheiði verði endurbættur hið allra fyrsta. Amtsráðið fól forseta sínum að fara þess á leit við landshöfðingja, að hið nauðsynlega fje verði veitt til þessa.
10. Lagðar voru fram uppástungur sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um aðalpóstleið og sýsluvegi þar í sýslu, samkvæmt hinum nýju vegalögum, og voru þær samþykktar af amtsráðinu.
11. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 24. febr. p. á., sem leggur fyrir amtmanninn að útvega yfirlýsingu frá sýslunefndunum í Árness- og Rangárvallasýslum og amtsráði suðuramtsins um það, hvort tjeðar nefndir og amtsráð, svo framarlega sem frumvarpið um brúargjörð á Ölvesá öðlist staðfestingu konungs, sjeu fús á fyrir hönd hlutaðeigandi sýslusjóða og jafnaðarsjóðs, að leggja til þessa fyrirtækis fje það, sem í frumvarpinu er áskilið, og á þann hátt sem þar er til tekið, — og sömuleiðis að láta fyrnefndar sveitarstjórnir fá tækifæri til, að láta í ljósi vilja sinn um, hvort þær, ef til kæmi, mundu vera tilleiddanlegar til, að leggja til tiltölulegan hluta af því fje (þ: 5000 kr.), sem samkvæmt síðustu áætlun verkfróðs manns, kann að þurfa til þessa fyrirtækis fram yfir það, sem áætlað er í frumvarpinu. Amtsráðið gefur fyrir hönd jafnaðarsjóðsins samþykki til þess.
12. Lögð fram skýrsla frá Oddi presti Gíslasyni á Stað í Grindavík um ferðir hans og framkvæmdir næstliðinn vetur til að koma á brúkun á báruflveg, lágbrjót og kjalfestupokum, og fylgdi þar með beiðni um 500 kr. þóknun af jafnaðarsjóði fyrir kostnað hans og fyrirhöfn. Amtsráðið samþykkti að veita honum 300 kr., og eru í því fólgnaðar þær 100 kr., sem amtmaðurinn veitti beiðandanum næstliðinn vetur upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins.
Amtsráðinu hafði borizt bænarskrá til landshöfðingja frá nokkrum mönnum á Eyrarbakka um 150 kr. styrk til eflingar sjáfarútvegi í Stokkseyrarhreppi af því fje, sem landshöfðingi hefur til umráða til eflingar búnaði; þar sem þessi bænarskrá getur ekki komizt að hjá landshöfðingja samkvæmt fjárlögunum, en amtsráðið er málefnninu mjög hlynnt samkvæmt upplýsingum beiðendanna, samþykkir það, að veita í þessu skyni af jafnaðarsjóði 100 kr.
13. Lögð fram beiðni frá sýslumanninum í Árnessýslu og hreppstjóranum í Stokkseyrarhreppi um 200 kr. styrk til að gjöra fangaklefa á Eyrarbakka, í viðbót við 200 kr., sem þegar eru veittar af sýslusjóði Árnessýslu. Amtsráðið er ekki mótfallið að veita nokkurn styrk til þessa fyrirtækis, ef landssjóður styrkir það einnig að sínu leyti, eptir að næsta alþingi hefur komið saman.
14. Forseti lagði fram brjef frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 11. júní p. á., þar sem hún biður um 200 kr. styrk af jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir þetta ár, sömuleiðis brjef frá forstöðukonu skólans, dags. 22. s. m. og enn fremur skýrslu um skólahaldið næstliðinn vetur og einkunnatöflu.

Amtsráðið samþykkti að veita hinar umbeðnu 200 kr. með þessum skilyrðum:

25. dag ágústmán. 1888.

72

- a, að forseti amtsráðsins útnefni framvegis 2 endurskoðunarmenn á reikningum skólans.
- b, að allir reikningar kvennaskólans liggi framvegis undir fullnaðarúrskurð amtsráðsins.
- c, að amtsráðið hafi heimild til að breyta reglugjörð kvennaskólans, þegar því þykir ástæða til, eptir að hafa leitað álits forstöðunefndar kvennaskólans.
15. Forseti lagði fram brjef amtmannsins yfir suðuramtinu, dags. 13. apr. þ. á. til allra sýslunefnda í suðuramtinu, að undanskilinni Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann að undirlagi Sveins búfræðings Sveinssonar skorar á þær, að láta uppi álit sitt um, hvort þeim ekki þyki tiltækilegt, að amtsráðið kaupi jörðina Hvanneyri í Borgarfirði með hjáleigum, til þess að þar verði stofnaður búnaðarskóli fyrir suðuramtíð, og höfðu allar sýslunefndir tekið vel undir málið að undanskildum sýslunefndum Skaptafellssýslu, er eigi gáfu endilegt svar. En með því að amtsráðinu er kunnugt af síðara brjefi frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, að hann hefur í hyggju að leggja málið að nýju fyrir sýslunefndirnar þar í haust, áleit amtsráðið rjettast, að fresta aðalákvörðun um málefni þetta þangað til á aukafundi í haust.
16. Forseti lagði fram brjef frá Ísleifi presti Gíslasyni í Arnarbæli, dags. 27. þ. m., þar sem hann fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi beiðist þess, að sæluhúsvörðinum á Kolviðarhóli, Jóni Jónssyni, verði, eins og að undanförunu, veittur fyrir árið 1888, 100 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði, og að til viðhalds á húsinu verði veittar allt að 30 kr., ef á þarf að halda.
17. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1889, svo látandi:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar	1600 kr.
2. Niðurjöfnun	2000 —
	<u> </u>
	= 3600 —

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	600 kr.
2. — ferðakostnaðar	200 —
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja	» —
4. — sáttamálefna	50 —
5. Kostnaður við amtsráðið	150 —
6. Ýmisleg gjöld	1100 —
7. Eptirstöðvar	1500 —
	<u> </u>
	= 3600 kr.

Síðan var fundarbókin upp lesin og fundi slitið hinn 2. júlí að kveldi.

E. Th. Jónassen.

Aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu, 16.—19. júní 1888.

Ár 1888, 16. júní, átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer að Stykkishólmi, og mættu á fundinum forseti amtsráðsins, amtdaður E. Th. Jónassen, amtsráðsmaður sýslunefndarmaður Hjálmur Pjetursson á Hamri, og vara-amtsráðsmaður, skólástjóri Torfi Bjarnason frá Ólafsdal.

Eptirgreind málefni voru fyrir tekin :

72

1.—4. Forseti lagði fram :

- a, reikning með fylgiskjölum yfir jafnaðarsjóðsgjald Vesturamtsins 1887 ;
- b, reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1887, með fylgiskjölum ;
- c, reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins árið 1887 ;
- d, reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1887, með fylgiskjölum.

Reikningar þessir voru yfirfarnir af amtsráðinu og fannst ekkert athugasvert við þá.

5. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga :

- a, úr Barðastrandarsýslu fyrir árið 1886.

Við þennan reikning er það að athuga, að talsvert var ógöldið í árlök 1886 bæði af sýslusjóðs- og vegagjaldi, og einnig nokkuð útistandandi af sömu gjöldum fyrir árið 1885 ; hafði reikningshaldari verið áminntur um af forseta amtsráðsins að kippa þessu í lag í næsta ársreikningi (1887), og fjellzt amtsráðið á þá ráðstöfun forseta. Reikningurinn 1887 er enn ókominn til amtsráðsins.

- b, úr Mýrasýslu fyrir árin 1885 og 1886. Amtsráðið yfirfór þennan reikning og athugasemdir endurskoðanda ásamt svörum reikningshaldara upp á þær, og finnur amtsráðið ástæðu til að brýna fyrir sýslumanni, að haga svo fyrirkomulagi á vegabótareikningnum, að hann sje glöggur og fylgiskjöl með reikningnum sömuleiðis glögglega samin, og að senda sýslusjóðsreikninginn í tæka tíð.

- c, úr sömu sýslu fyrir árið 1887, með athugasemdum endurskoðanda og svörum reikningshaldara upp á þær. Um formið á honum er hið sama að athuga og við fyrra ársreikning, og þar sem í árslok 1887 er ógöldið af vegagjaldi hreppanna 749 kr. 56²/₃ a., og af sýslusjóðsgjaldi 505 kr. 94¹/₂ a., eða alls 1255 kr. 51¹/₆ a., skoraði amtsráðið á forseta sinn að áminna sýslumanninn um, að sjá um, að hrepparnir árlega borgi sitt vegagjald og sýslusjóðsgjald, og ef út af því bregður, að beita við hlutaðeigandi hreppa þvingunarmeðulum þeim, er lögin heimila. Úttekt vantar á öllum vegagjörðum í sýslunni, og skal því skorað á sýslumann, að láta þær eptirleiðis fara fram á vegagjörðum.

- d, úr Dalasýslu 1887 með tilheyrandi fylgiskjölum, og var ekkert athugasvert við hann.

- e, úr Strandasýslu 1887. Reikningur þessi er rjettur, en amtsráðið vill athuga við þennan reikning, að sýslumanni ber að sjá um, að vegabóttagjaldið árlega sje gildið úr hreppunum, en í þessa árs reikningi vantar mikið á að svo sje, og í einum hreppi virðist óborgað tveggja eða þriggja ára vegagjald.

- f, úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu árið 1887, og

- g, úr Ísafjarðarsýslu 1887. Við þessa 2 reikninga var ekkert athugasvert.

6. Forseti lagði fram eptirgreind eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna :

1. frá Barðastrandarsýslu af fundi 1. júní 1887.
2. — Mýrasýslu af fundi 4. maí f. á.
3. — Dalasýslu af fundi 11. júní f. á.
4. — Strandasýslu af fundi 6. ágúst f. á.

72

5. frá sömu sýslu af fundi 5. desbr. f. á.
6. — Mýrasýslu af fundi 28. desbr. f. á.
7. — sömu sýslu af fundi 30. apríl 1888.
8. — Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá fundi 30. apr. s. á.
9. — Ísafjarðarsýslu frá fundi 13.—17. marz og 5. maí p. á.
10. — Dalasýslu frá fundi 24.—26. maí p. á. — og var ekkert við þær athugasvert, en að því leyti amtsráðið af fundargjörðum Ísafjarðarsýslu sjer, að sýslunefndin þar á fundi sínum 13.—17. marz p. á. »í einu hljóði« hefur samþykkt að láta í ljósi óánægju sína við amtsráðið yfir því, að danska er gjörð að skyldunámsgrein við búnaðarkennslustofnunina í Ólafsdal, þá vill amtsráðið benda sýslunefndinni á, að yfirlýsing hennar um nefnt atriði er með öllu ástæðulaus, og hefði amtsráðið að minnsta kosti getað búizt við því, að oddviti sýslunefndarinnar ekki samþykkti slíka ályktun af hendi sýslunefndarinnar.
7. Voru framlögð eptirnefnd bónarbrjef um styrk til búnaðarfjelaga af fje því, sem á yfirstandandi árs fjárlögum, 10. gr. C. 4. c, er veitt slíkum fjelögum:
 - a, frá búnaðarfjelagi Önfirðinga með 2 fylgiskjölum.
 - b, — búnaðarfjelögum Kolbeinsstaða-, Eyja-, Miklaholts- og Skógarstrandar-hreppa, svo og Helgafellssveitar, og fara formenn fjelaga þessara þess á leit, að styrkur sá, er hvert þeirra fengi, gæti orðið allt að 200 krónur.
 - c, frá búnaðarfjelögum Saurbæjar-, Fellsstrandar-, Hvamms- og Laxárdals-hreppa í Dalasýslu.
 - d, frá búnaðarfjelagi Barðastrandarhrepps í Barðastrandarsýslu.

Bónarbrjefunum a—c fylgdu meðmæli hlutadeigandi sýslunefndar, en bónarbrjefið er greint er frá undir stafið d, var sent beina leið til amtsins. Amtsráðið fól forseta sínum, að afgreiða málefni þessi til landshöfðingja, og að leggja meðmæli sín með að nefnd bónarbrjef gætu fengið áheyrn hjá landshöfðingja eptir því, sem skýrslur búnaðarfjelaganna sýna, að þau hafi unnið að jarðabótum.
8. Lagði forseti fram brjef frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 11. p. m., um styrk til skólans úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins fyrir yfirstandandi ár. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk.
9. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefnd Ísafjarðarsýslu, 20. marz p. á., um að amtsráðið vildi samþykkja þá ályktun sýslunefndarinnar, að allir sýsluvegir frá Ósi í Bolungarvík kringum Ísafjarðardjúp að Stað í Grunnavík verði gjörðir að hreppavegum. Eptir atvikum samþykkti amtsráðið þessa ályktun sýslunefndarinnar.
10. Var lögð fram beiðni frá sýslunefnd Ísafjarðarsýslu, dags. 20. marz p. á., um að amtsráðið vildi samþykkja þá ályktun sýslunefndarinnar, að vegakaflinn frá Ketils-eyri að Þingeyri verði gjörður að hreppavegi, og samþykkti amtsráðið þessa tillögu sýslunefndarinnar.
11. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með 3 fylgiskjölum, snertandi jarðabætur Jóns Arasonar á Litlalóni og Daníels Vigfússonar í Beruvík, og vill sýslunefndin leggja sín beztu meðmæli til þess, að menn þessir fái verðlaun fyrir jarðabætur og skoraði amtsráðið á forseta sinn, að greiða sem bezt fyrir þessu málefni.
12. Var lagt fram brjef frá sýslumanni Strandasýslu, þar sem hann, að beiðni sýslu-

nefndarinnar þar, beiðist þess, að hlutast verði til um, að auglýstar sjeu í blöðun-um allar óskilakindur, sem árlega sjeu seldar í Vesturamtinu, þar sem það nú að eins sje gjört í sumum sýslum Vesturamtsins. Var forseta af amtsráðinu falið að gjöra nauðsynlega ráðstöfun til þess að greindri beiðni yrði fullnægt.

13. Forseti skýrði frá, að sýslumaðurinn í Strandasýslu, samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar þar á aukafundi 6. ágúst f. á., hefði beið forseta amtsráðsins að útvega sýslunni 6000 kr. hallærislán, og gat forseti þess, að hann með brjefi 29. sept. f. á. hefðineitað fyrir hönd amtsráðsins, að svo stöddu að minnsta kosti að samþykkja, að sýslan mætti taka slíkt lán, enda hefði brjefi sýslumannsins eigi fylgt skýrslur um bjargræðisástandið í hinum einstöku hreppum sýslunnar. Síðan hefði sýslumaður, eptir áskorun til hans á fundi sýslunefndar Strandasýslu 5. desbr. f. á., í brjefi til forseta amtsráðsins, dags. 10. febr. þ. á., ítrekað beiðni nefndarinnar um 6000 kr. hallærislán og þá jafnframt sent skýrslur um bjargræðisástandið í 4 hreppum sýslunnar, en frá 3 hreppum vöntuðu þá enn þá skýrslur; en með því að þær skýrslur, er amtmaður hafði meðtekið með nýnefndu brjefi sýslumannsins, að hans áliti ekki sýndu, að lánið væri nauðsynlegt til þess að afstýra hungursneyð í sýslunni, neitaði amtmaður að nýju um lánið, og eptir að amtsráðsmennirnir höfðu kynnt sjer þau hjer að lútandi skjöl og skýrslur, þá samþykktu þeir að öllu leyti gjörðir forseta amtsráðsins í þessu efni.
14. Forseti bar það undir amtsráðið, hvort því ekki þætti tími til kominn, að stofna heilbrigðisnefndir samkvæmt því, sem gjört er ráð fyrir í 15. gr. tilsk. 4. maí 1872, og að samin yrði reglugjörð fyrir slíkar nefndir. Amtsráðinu kom saman um, eptir nokkrar umræður, eptir nefndum lagastað að semja heilbrigðisreglugjörð fyrir hreppsnefndirnar fyrir næsta aðalfund amtsráðsins.
15. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanni Sverrisson, dags. 25. maí þ. á., og brjef frá formanni stjórnarnefndar æðarræktarfelagsins, P. Fr. Eggerz, dags. 14. þ. m., þar sem farið er fram á, að amtsráðið vilji staðfesta og samþykkja breytingar við 7. og 8. gr. reglna þeirra um eyðingu flugvarga þeirra, er spilla æðarvarpi á Breiðafirði og Strandaflóa, er æðarræktarfelagið hafði samþykkt 20 júní f. á. Amtsráðið samþykkti því næst breytingar þær, er stjórn felagsins hafði stungið upp á við tjeðar greinar reglnanna samkvæmt framlagðri útskrift af fundargjörðum, og sömuleiðis að reglugjörð sú, fyrir eyðingu flugvarga, sem spilla æðarvarpi, sem amtsráðið eins og áður er greint frá, samþykkti f. á., með þeim breytingum, er nú eru samþykktar af amtsráðinu, skuli gilda þangað til henni verði breytt á lögmatum fulltrúafundi.
16. Forseti lagði fram brjef, dags. 11. þ. m., frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, um 1000 kr. styrk til endurgjalds kostnaði, sem hann hafi orðið að hafa til húsabygginga í þarfir búnaðarskólans í Ólafsdal. Þar eð amtsráðið ekki hefur til umráða neitt fje, er nefnd styrksupphæð yrði veitt af, gat það ekki orðið við tilmælum Torfa Bjarnasonar, þrátt fyrir það þótt það í alla staði áliti það sanngjarnt, að hann hefði fengið hinn umbeðna styrk, með því amtsráðinu er kunnugt, að húsabyggingar þær, er Torfi hefur orðið að bæta við í Ólafsdal, hafi verið nauðsynlegar í þarfir skólans, og þar eð ekkert fje á yfirstandandi fjárhagstímabili er veitt af alþingi, er styrk þennan mætti borga af, sjer amtsráðið heldur ekki til neins í þessu

72

efni að snúa sjer til landshöfðingjans yfir Íslandi með beiðni um, að styrkur þessi fengist veittur úr landssjóði.

17. Ólafsdalsskólinn:

Amtsráðið ákvað, að verja skyldi til þess að styrkja búnaðarskólann í Ólafsdal þetta ár:

1. Meðgjöf með 8 námspiltum í efri deild og 4 piltum í neðri deild	kr.
resp. 150 kr. og 250 kr. með hverjum þeirra	2200,00
2. Til verkfæra og viðhalds á þeim	100,00
3. — prófdómenda	80,00
4. — kennslulauna handa forstöðumanni skólans	800,00
5. — aukakennara á veturna við skólann	350,00
6. — afborgunar og vaxta af láni, er amtsráðið 1886 tók í landsbank- anum í þarfir Ólafsdalsskólans	150,00
7. — Torfa Bjarnasonar til endurgjalds byggingarkostnaði í Ólafsdal .	230,50
	<hr/> 3910,50

og skyldi til þess ganga:

1. Vextir af innstæðufje búnaðarsjóðs Vesturamtsins	415,50
2. — — — búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins	360,00
3. Búnaðarskólagjald Vesturamtsins 1888	635,00
4. Styrkur úr landssjóði	2500,00
	<hr/> 3910,50

18. Þá var rædd og samþykkt áætlun yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins 1889.

	Tekjur:	Kr.
1. Í sjóði og eptirstöðvar		1500,00
2. Niðurjöfnun		750,00
		<hr/> 2250,00

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	300,00
2. — kostnaðar við kennslu heyrnar- og málleysingja	300,00
3. — — — amtsráðið	350,00
4. — ýmsra gjalda	200,00
5. — ferðakostnaðar	100,00
6. Eptirstöðvar	1000,00
	<hr/> 2250,00

Fleiri mál voru ekki fyrir tekin á fundinum, og var honum því slitið 19. júní.

E. Th. Jónassen. Hjálmur Pjetursson. T. Bjarnason.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C 4 d.

Með tilliti til búnaðarstyrks, sem með auglýsingu landshöfðingja 22. febr. 1888 (Stjórnartíð. B 11), var veittur ýmsum sýslufjelögum fyrir yfirstandandi ár, voru, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi amtmanna samþykktar tillögur:

Sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu um að verja 100 kr. handa þessu sýslufjelagi til að launa búfræðingi, er í sumar ferdist um sýsluna, til þess að leiðbeina bændum í jarðabótum.

Sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um að verja 180 kr. styrk handa þessu sýslufjelagi til þess að framhalda vatnsveitingu á sanðana suður af Síðunni.